

**Dr. Ágúst Einarsson sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við  
Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, 10. mars 2026.**



Dr. Ágúst Einarsson, prófessor emeritus, hefur átt langan og farsælan starfsferil sem spannar fræðastörf, stjórnunarhlutverk, opinbera þjónustu og virka þátttöku í íslensku samfélagi.

Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík, prófi í rekstrarhagfræði frá Háskólanum í Hamborg, stundaði framhaldsnám í hagfræði við háskólana í Kiel og Hamborg og lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Hamborg árið 1978. Sú menntun varð grunnur að ævistarfi sem hefur haft víðtæk áhrif.

Ágúst starfaði sem framkvæmdastjóri í sjávarútvegi og var prófessor í rekstrarhagfræði við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Síðar gegndi hann starfi rektors og prófessors við Háskólann á Bifröst.

Kennslu- og rannsóknarsvið Ágústar hafa einkum verið á sviðum rekstrarhagfræði, menningarhagfræði, sjávarútvegsfræða og skapandi greina, sem ritverk hans bera glöggvitni um. Hann hefur ritað yfir þrjátíu bækur á íslensku og ensku, margar þeirra hafa verið endurútgefnar og einnig gefnar út sem rafbækur.

Ágúst hefur alla tíð lagt sérstaka áherslu á að skrifa fræðibækur á íslensku og þannig styrkt íslenskt fræðamál á sínu sviði. Bækur hans hafa verið tilnefndar til viðurkenningar Hagþenkis, félags höfunda fræðiritna og kennslugagna.

Ágúst er talinn helsti frumkvöðull rannsókna á hagrænum áhrifum menningar og skapandi greina hér á landi, og hlaut fyrir það hvatningarverðlaun Samtóns. Í bókum sínum hefur hann fjallað um fjölbreytt viðfangsefni, meðal annars tónlist, kvikmyndir og ritlist, og gaf hann út fyrstu bókina hérlendis um menningarhagfræði. Auk þess hefur hann ritað bækur um heilbrigðismál, íþróttir, rekstrarhagfræði og auðvitað sjávarútveg og eldi.

Innan Háskóla Íslands gegndi Ágúst fjölmörgum trúnaðarstörfum. Hann var skorarformaður og deildarforseti, sat í háskólaráði, var stjórnarformaður Viðskiptafræðistofnunar og sat í nefnd til úthlutunar Útflutningsverðlauna forseta Íslands. Þá var hann um árábil varaforseti Samtaka evrópskra fræðimanna um frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki.

Auk fræðistarfa sinna gegndi Ágúst fjölmörgum trúnaðarstörfum í íslensku samfélagi. Hann var alþingismaður, sat í samstarfsnefnd

Alþingis og þýska þjóðþingsins. Ágúst var fulltrúi Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York og átti sæti í þingmannanefnd EFTA/EES. Þá sat hann einnig í stjórnskipaðri nefnd til endurskoðunar skattalaga.

Á vettvangi opinberrar stjórnsýslu og atvinnulífs gegndi Ágúst einnig fjölmörgum ábyrgðarstörfum. Hann sat meðal annars í stjórn Byggðastofnunar, í nefnd um endurbætur í framhaldsskólum og var formaður nefndar um endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands. Hann átti einnig sæti í úthafsveiðinefnd sjávarútvegsráðuneytisins og var formaður nefndar sem fjallaði um breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög.

Þá sat Ágúst í nefnd til ráðgjafar stjórnvöldum í efnahagsmálum í aðdraganda Þjóðarsáttarsamninganna og tók virkan þátt í þeim kjarasamningum.

Ágúst gegndi jafnframt fjölmörgum lykilhlutverkum í stjórnnum og ráðum. Hann var formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, formaður Samninganefndar ríkisins, formaður Framtakssjóðs Íslands og formaður ráðgjafanefndar Hafrannsóknastofnunar. Auk þess sat hann í stjórnnum Landsvirkjunar og Borgarleikhússins.

Á vettvangi sjávarútvegs var Ágúst afar virkur og var meðal annars forvígismaður fiskmarkaða hér á landi og sat í stjórn þeirra.

Meðal þeirra fyrirtækja og stofnana þar sem Ágúst sat í stjórn, oft sem formaður eða varaformaður, voru Hraðfrystistöðin í Reykjavík, Grandi, Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan, skipafélagið Jöklar, lífeyrissjóðurinn Skjöldur, Íslenska úthafsveiðifélagið, Aflvaki, Vestfirskur skelfiskur, Samlag skreiðarframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Stofnfiskur. Þá sat hann einnig á Fiskipingi og í stjórnnum Fiskifélags

Íslands, Samtaka fiskvinnslustöðva og Vinnuveitendasambands Íslands.

Ágúst hefur einnig tekið virkan þátt í þjóðmálaumræðu og hefur alla tíð verið ötull talsmaður Háskóla Íslands og háskólamenntunar hér á landi. Með greinaskrifum og tillögum á Alþingi hefur hann bent á vanfjármögnun háskólastigsins í samanburði við önnur OECD-ríki og var meðal þeirra fyrstu sem settu slíkan samanburð fram.

Ágúst er mikill bókamaður og hann hefur gefið Bókasafni Vestmannaeyja yfir eitt þúsund gamlar bækur, þar á meðal allar íslenskar biblíuútgáfur allt frá Guðbrandsbiblíu frá árinu 1584 og svokallað vögguprent frá því fyrir aldamótin 1500.

Ágúst Einarsson hefur með rannsóknum sínum og kennslu verið frumkvöðull og tengiliður Viðskiptafræðideildar við viðskiptalíf og íslenskt samfélag almennt, einkum í tengslum við sjávarútveg, menningarfræði og nýsköpun.

Ágúst fæddist í Reykjavík 11. janúar árið 1952, sonur hjónanna Einars Sigurðssonar og Svövu Ágústsdóttur.

Hann er kvæntur Kolbrúnu S. Ingólfsdóttur, lífeindafræðingi og sagnfræðingi, og eiga þau þrjá syni, Einar, Ingólf og Ágúst Ólaf, auk fjögurra barnabarna.